

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. nóvember 2005 2005110499

Umsögn um 326. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt

Með bréfi dags. 24. nóvember 2005 óskar háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn ríkisskattstjóra um 326. mál yfirstandandi þings, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt- og eignarskatt, nr. 90/2003 með síðari breytingum.

Ríkisskattstjóri hefur kynnt sér efni frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við 1. gr. þess er varðar hækkun á frádrætti sjómannaafsláttar.

Um 2. gr. frumvarpsins er varðar breytta tímaviðmiðun álagningar á tekjuskatti, þ.e. að miða skuli við lögheimili 31. desember á tekjuári í stað 1. desember þykir rétt að undirstrika eftirfarandi:

Ástæður þess að miðað hefur verið við 1. desember, hingað til liggja í vinnulagi fortíðarinnar. Tíma þurfti til að vinna skattgrunnskrá áður en útsending framtalsgagna hófst og þau árituð, sem var í ársbyrjun. Tækniframfarir samfara breytingum eða hliðrun á öðrum dagsetningum, sem skattskil hafa miðast við, hafa gert það löngu tímabært að miðað sé við árslok tekjuárs í þessu efni eins og öðru sem skiptir máli við skattlagningu. Sá tímunktur er eðlilegri viðmiðun og einfaldar vinnslur og viðhald skráa skattyfirvalda. Tekið skal fram að þessi breyting er með öllu óháð vinnulagi Þjóðskrár og lögum um lögheimili. Einvörðungu er verið með breytingu þessari að ákvarða að stöðu skattgreiðenda til álagningar skuli miðað þá dagsetningu, sem miðað við núverandi aðstæður telst rökréttari, þ.e. 31. desember í stað stöðu skráningar manna í Þjóðskrá í upphafi þess mánaðar.

Til frekari rökstuðnings fyrir því að árslok séu eðlilegri tímunktur til viðmiðunar við skattlagningu skal bent á eftirfarandi:

- Tímabilið sem er undir í álagningu hvers árs er almannaksárið í heild og er miðað tekjur almanaksársins.
- Miðað er við eignastöðu og skráningu eigna í lok almanaksársins, þ.e. 31. desember.
- Miðað er við hjúskaparstöðu í árslok þegar ákvörðun er tekin um samsköttun/sérsköttun.
- Miðað er við fjölda barna í árslok við ákvörðun barnabóta og fleira mætti taka til.

Sé skattlagningarstaður miðaður við lögheimili í árslok, eins og lagt er til, mun það auka öryggi og einfalda vinnslur skattgrunnskrár einstaklinga. Við núverandi ástand þarf að


leiðréttu stöðu allra þeirra, sem giftast, skilja, fæðast, deyja eða flytja til og frá landinu í desember hvert ár. Það fyrirkomulag tefur fyrir vinnslum og eykur hættuna á villum auk þess að leiða til óeðlilegra niðurstöðu í mörgum tilvikum. Taka má dæmi af karli og kona með heimilisfang sitt í hvoru sveitarfélagi 1. desember. Þau ganga í hjúskap í desember og hefja búskap í þriðja sveitarfélaginu og eru með lögheimili þar um áramót. Samkvæmt nágildandi reglum væru þau engu að síður við skattlagningu skráð á fyrra heimilisfang og þar sem samskatta skal hjón sem eru samvistum um áramót, þá ber skattstjóra að færa þau saman til skattlagningar á annað hvort hinna tveggja sögulega skráðu lögheimila. Hafi þau hins vegar ekki gift sig en hafið sambúð á hinum nýja stað færast þau við skattlagningu sitt á hvort fyrra heimilisfang, nema kona sé þunguð og fram komi ósk um samsköttun.

Mikil gagnasöfnun vegna forskráningar upplýsinga á framtöl í upphafi hvers árs ásamt vefskilum veldur því að skilafrestir framtala hafa færst síðar á árið en áður var og framtalsskil miðuðust við 10. febrúar. Breyttar forsendur og tækniframfarir að þessu leyti hafa m.a. orsakað það að ekki er til staðar nauðsyn þess að tímamark búsetu sé miðað við dagsetningu, sem gaf svigrúm fyrir tímafrekar vinnslur.

Ríkisskattstjóri vill vekja athygli á að samfara þessari breytingu er nauðsynlegt að breyta 2. mgr. 20. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga þannig að þar komi 31. desember í stað 1. desember en viðmiðun fasteignaskatta skv. þeim lögum er 31. desember. Frumvarp til breytinga á þeim lögum liggur nú fyrir Alþingi og því auðvelt að koma slíkri breytingu að. Ekki er þörf á breytingum á öðrum ákvæðum skattalaga. Af þessari breytingu sem slíkri stafar ekki þörf á breytingu á öðrum lögum svo sem um Þjóðskrá eða lögum um lögheimili þótt svo kunni að vera af öðrum ástæðum og því ekki ástæða til að bíða með breytingu á skattalögum.

Ekki er gerð athugasemd við gildistökuákvæðið og telur ríkisskattstjóri að ekkert sé að vanbúnaði og reyndar afar aðkallandi að breytingu þessari verði þegar komið á, þannig að álagning 2006 og undirbúningur hennar fari fram á þessum forsendum.

Virðingarfyllst


Indriði H Þorláksson